

| | | |
|-----------------------------|--------------|-------------|
| Viðmiðunargjaldskrá | apríl | 2012 |
| Vísitala neysluverðs | 391 | stig |

Gjaldskrá STEFs fyrir hljóðvarp og sjónvarp 2012

Lágmarksgjöld m.v. útsendingar til höfuðborgarsvæðisins og nágrennis eru þessi:

| | | | | |
|--------------------------|-----|------------------|--------------|----------------|
| Árgjald sjónvarpsstöðvar | kr. | 3.293.710 | Mánaðargjald | 274.476 |
| Árgjald útvarpsstöðvar | kr. | 4.684.388 | Mánaðargjald | 390.366 |

Afsláttur er veittur í samræmi við magn tónlistar á stöðinni sbr. eftirfarandi töflu:

| Lágmarksgjald árgjald | Tónlist allt að: % í klst./dag | Lækkun gjalds % krónur | Trúarstöð 50% afsl |
|--------------------------|-----------------------------------|---------------------------|-----------------------|
| 4.684.111 | 100% 24 | 0 0 | 2.342.055 |
| 4.684.111 | 60% 14 | 15% 702.617 | 1.990.747 |
| 4.684.111 | 50% 12 | 30% 1.405.233 | 1.639.439 |
| 4.684.111 | 40% 10 | 45% 2.107.850 | 1.288.130 |
| 4.684.111 | 30% 7 | 60% 2.810.467 | 936.822 |
| 4.684.111 | 20% 5 | 75% 3.513.083 | 585.514 |
| 4.684.111 | 10% 2 | 90% 4.215.700 | 234.206 |

Viðmiðunargjaldskrá STEFs fyrir útvarpsstöðvar frá árinu 2003

Gjaldskráin hefur að geyma gjöld, sem höfð eru til viðmiðunar við gerð samninga við útvarpsstöðvar, þ.e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, skv. 1. mgr. 23. gr. höfundalaga nr. 73/1972, aðrar en svæðisbundnar útvarpsstöðvar þar sem í gildi er sérstök viðmiðunar-gjaldskrá.

Sjónvarpsstöð skal greiða STEFi, vegna tónskálda, textahöfunda og annarra höfundar-rétthafa að tónverkum, 1,7% af heildartekjum sínum af sjónvarpsrekstri, að frádregnum virðisaukaskatti, fyrir heimild til þess að flytja á einni sjónvarpsrás tónverk sem njóta verndar samkvæmt höfundalögum.

Endurgjald þetta skal þó ekki nema lægri fjárhæð en kr. 3.293.710 á ári.

Hljóðvarpsstöð skal greiða STEFi, vegna tónskálda, textahöfunda og annarra höfundarrétthafa að tónverkum, 5 % af heildartekjum sínum af hljóðvarpsrekstri, að frádregnum virðisaukaskatti, fyrir heimild til þess að flytja á einni hljóðvarpsrás tónverk sem njóta verndar samkvæmt

höfundalögum. Endurgjald þetta skal þó ekki nema lægri fjárhæð en kr.

4.684.388 á ári.

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir eru miðaðar við það að heimild til tónflutnings sé ótakmörkuð allan sólarhringinn. Jafnframt eru þær miðaðar við það að útsending útvarpsstöðvar nái til höfuðborgarsvæðisins og næsta nágrennis. Ef útsendingarsvæðið er stærra skulu fjárhæðirnar hækka í samræmi við íbúatölu útsendingarsvæðisins. Fjárhæðirnar eru miðaðar við vísitölu neysliverðs í aprílmánuði 2007, 267,1 stig, og breytast árlega í samræmi við breytingar á þeirri vísitölu.

Ef sama útvarpsstöð starfrækir bæði sjónvarps- og hljóðvarpsrásir skal hlutfall það, sem greiðist sem endurgjald til STEFs af tekjum af útvarpsrekstri, miðað við hve hátt hlutfall teknanna stafar frá sjónvarpsrekstri annars vegar og frá hljóðvarpsrekstri hins vegar.

Ef sama útvarpsstöð starfrækir fleiri en eina rás, hvort sem er sjónvarps- eða hljóðvarpsrásir, er heimilt að lækka lágmarksendurgjald fyrir hverja rás samkvæmt framansögðu.

Ennfremur er heimilt að lækka ofangreind hlutföll og lágmarksfjárhæðir ef vernduð tónlist er notuð í mjög takmörkuðum mæli.

Í samræmi við 1. mgr. 23. gr. höfundalaga er gert ráð fyrir að gerður verði sérstakur samningur við hverja útvarpsstöð, sem þessi gjaldskrá tekur til, þar sem m.a. verði samið um greiðsluskilmála og tryggingu fyrir greiðslu endurgjalds á umsömdum gjalddögum.

